

10. gr.

Gjaldldagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar,

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 680 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitaflatir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 34,20 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 0,71 kr/kWh miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu á stofn- og rekstrarkostnaði.

5. gr.

Pegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ "	194,00
b) Fyrir mæla allt að 2"	388,00
c) Fyrir mæla allt að 3"	776,00
d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimhæðagjald. Heimhæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m ³ (utanmál)	Kr.
Allt að 400	31 800,00
400 að 2000	31 800,00 fyrir 400 m ³ + 25,30 kr/m ³ þar yfir
2 000 að 6 000	72 240,00 fyrir 2 000 m ³ + 21,50 kr/m ³ þar yfir
6 000 að 10 000	158 140,00 fyrir 6 000 m ³ + 19,15 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000	234 640,00 fyrir 10 000 m ³ + 16,55 kr/m ³ þar yfir

Heimhæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að $\frac{3}{4}$ "	4 780,00
b) Fyrir mæli allt að 2"	9 560,00
c) Fyrir mæli allt að 3"	19 120,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin er greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum eða skrifstofu Rafveitu Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 388,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1984, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er út gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 675 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.